

Landssamband DKG

Fjórdi fundur stjórnar landssambands DKG á Íslandi, var haldinn á í húsnæði Rauða krossins við Efstaleiti 1. september 2017 og hófst kl. 15.00.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga M. Steinsson, Helga G. Halldórsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Eygló Björnsdóttir.

Dagskrá:

- a. **Óskir um styrki vegna Evrópuþings.** Sex beiðnir hafa borist vegna þátttöku DKG kvenna á Evrópuþinginu. Samkvæmt reglum geta þær sem fluttu erindi sótt um styrk. Stjórn vill koma á framfæri þökkum til þessara kvenna fyrir að leggja á sig að vera með erindi á Evrópuþinginu fyrir okkar hönd. Samþykkt að veita 25.000 kr. í styrk til hvernar þessara sex kvenna, samtals kr. 150.000 kr.
- b. **Fulltrúi frá alþjóðasamtökum á vorþing.** Hægt er að sækja um til alþjóðasambandsins að fá fulltrúa á vorþingið, sem myndi fjalla um samtökin. Samþykkt að senda umsókn til alþjóðasambandsins.
- c. **Fundarplan fyrir stjórnarfundum landssambandsstjórnar.**
 - a. Fimmti fundur verður haldinn 10. nóvember í húsnæði hjá Rauða Krossinum í Reykjavík kl. 13.00.
 - b. Sjötti fundur verður haldinn 9. mars í húsnæði Rauða Krossins í Reykjavík kl. 13.00.
 - c. Sjöundi fundur verður haldinn 5. maí í Grunnskólanum á Egilsstöðum í tengslum við vorþingið sem verður þann dag frá kl. 11-16.
- d. **Lokaundirbúningur framkvæmdaráðsfundar.** Farið yfir stöðu helstu liða. Fimm konur úr erlendum nefndum hafa látið vita að þær koma til að kynna erlendu nefndirnar.

Fundi slitið kl. 17.10.